

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 18. janúar 2008 í máli nr. S-78/2005:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Kristinn Bjarnason hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 11. desember sl., höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 13. júní 2005 á hendur ákærða, X, kt., til heimilis að

„fyrir húsbrot, brot gegn blygðunarsemi og barnaverndarlagabrot framin að nóttu til í júlí 2002 með því að hafa ruðst í heimildarleysi inn á heimili A og dætra hennar B, fæddri 1987 og D, fæddri 1993, að [...], brotið gegn blygðunarsemi B með því að setjast á rúm stúlkunnar og káfa á brjóstum hennar utan klæða og reyna að kyssa stúlkuna og að hafa því næst sýnt D ruddalegt og ósiðlegt athæfi með því að setjast á rúm stúlkunnar og reyna að toga niður um hana síðbuxur.

Telst þetta varða við 231. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. (sic) barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu B er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 600.000 auk vaxta og dráttarvaxta frá 14. júlí 2002 til greiðsludags.

Af hálfu D er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 600.000 auk vaxta og dráttarvaxta frá 14. júlí 2002 til greiðsludags.“

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds. Til vara krefst ákærði þess að honum verði ekki gerð refsing, en til þrautavara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög frekast heimila, og refsingin öll höfð skilorðsbundin. Hvað bótakröfur varðar er í öllum tilvikum þess krafist aðallega að kröfunum verði vísað frá dómi, en til vara að þær verði lækkaðar verulega. Þá er þess jafnframt krafist í öllum tilvikum að sakarkostnaður, sem til hefur fallið eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar Íslands 8. nóvember sl., verði felldur á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda til handa.

I.

Með bréfi 7. maí 2004 lagði Barnaverndarnefndin [...] fram kæru á hendur ákærða „... vegna meints ósiðlegs athæfis gegn ólöggráða einstaklingum.“

Í greinargerð, sem fylgdi kæru barnaverndaryfirvalda, kemur fram að 15. apríl 2004 hafi A, til heimilis að [...], komið á fund ráðgjafa hjá [...] og tilkynnt að hún og dætur hennar hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á heimili hennar. Drukkinn maður, ákærði í máli þessu, hefði ruðst inn á heimilið að nóttu til og ætlað að ná til A. Hún hefði falið sig fyrir ákærða en hann þá farið inn í herbergi dóttur hennar, B. Hefði A þá farið dóttur sinni til aðstoðar en síðan falið sig að nýju. Síðar hefði hún heyrtil ákærða inni í herbergi yngri dóttur sinnar, D, og hún því farið þangað og komið að ákærða þar sem hann var að færa stúlkuna úr nærbuxunum. Tekist hefði að ná stúlkunni frá ákærða og þær mæðgur allar því næst læst sig inni í einu herbergja hússins. Ákærði hefði þá komið og barið á dyrnar, hrópað ókvæðisorð og haft í hótunum við A.

Föstudaginn 21. maí 2004 var tekin skýrsla af A hjá lögreglu vegna málsins og í vikunni þar á eftir voru teknar frekari vitnaskýrslur. Hinn 28. maí tók lögregla síðan skýrslu af ákærða. Kannaðist ákærði við að hafa komið nótt eina sumarið 2002 ölvaður á heimili A. Hann neitaði því hins vegar að tilgangur heimsóknar hans hefði verið af kynferðislegum toga og vísaði því jafnframt alfarið á bug að hann hefði ætlað eða gert tilraun til að vinna dætrum A mein á nokkurn hátt.

Að beiðni lögreglustjórans á [...] voru teknar skýrslur fyrir dómi í Barnahúsi af systrunum B og D 23. ágúst 2004. Að lokinni rannsókn lögreglu voru gögn málsins send ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari höfðaði síðan mál þetta með útgáfu ákæru 13. júní 2005.

II.

Mál þetta var þingfest 7. september 2005 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 16. janúar 2006. Hinn 22. júlí sama ár var málið endurupptekið, munnlegur málflutningur endurtekinn og málið dómtekið að nýju.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. nóvember 2006 var dómari settur til að gegna embætti héraðsdómara og dómstjóra við Héraðsdóm Vestfjarða frá 27. nóvember 2006 til og með 31. mars 2007 í veikindaleyfi reglulegs dómstjóra. Er dómari tók við starfanum hafði enn ekki verið kveðinn upp dómur í málinu.

Hinn 22. desember 2006 boðaði dómari bréflaga til nýrrar aðalmeðferðar í málinu sem fram skyldi fara 30. janúar 2007. Með símbréfi 4. janúar 2007 krafðist skipaður verjandi ákærða þess; „... að Héraðsdómur Vestfjarða kveði upp úrskurð eða taki ákvörðun um þá kröfu ákærða að aðalmeðferð með skýrslutökum og málflutningi fari ekki fram þann 30. janúar 2007.“ Fimm dögum síðar boðaði dómari til þinghalds í málinu 10. janúar 2007 og þann dag var málið endurupptekið öðru sinni. Í þinghaldinu tók dómari svofellda ákvörðun: „Framangreindri kröfu ákærða er hafnað. Endurtekin aðalmeðferð í málinu skal fara fram þriðjudaginn 30. janúar nk. og hefjast kl. 9:30, í dómsal 402 í dómhúsinu

við Lækjartorg í Reykjavík.“

Ákærði vildi ekki una ákvörðun dómsins og kærði hana til Hæstaréttar Íslands. Með dómi Hæstaréttar 24. janúar 2007, mál réttarins nr. 40/2007 var málinu vísað frá réttinum, en í forsendum dómsins sagði svo:

Aðalmeðferð í þessu máli hófst samkvæmt framansögðu 16. janúar 2006 og hefur það tvívegis verið munnlega flutt og dómtekið. Hin kærða ákvörðun felur í raun í sér að endurtaka eigi skýrslugjöf ákærða og vitna fyrir dómi, en ekki að hefja eigi aðalmeðferð á nýjan leik. Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 verða úrskurðir og ákvarðanir dómara eftir að aðalmeðferð máls er hafin ekki kærðir til Hæstaréttar, nema um þau atriði, sem sérstaklega eru tilgreind í einstökum staflidum málsgreinarinnar, eða að vikið sé frá þessari reglu í öðrum ákvæðum laganna. Í lögum nr. 19/1991 er ekki vikið að því hvort ákvörðun sem þessi sé kærnanleg til Hæstaréttar, en heimild til kæru hennar verður ekki reist á fyrirmælum 2. mgr. 142. gr. laganna. Hin kærða ákvörðun sætir því ekki kæru og ber að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar var aðalmeðferð málsins fram haldið 30. janúar 2007. Sótti ákærði ekki þing og upplýsti skipaður verjandi að ákærða væri um þinghaldið kunnugt en að hann hefði hins vegar kosið að mæta ekki til þess. Lýsti verjandinn því yfir að ákærði teldi sig ekki hafa neinu að bæta við fyrri skýrslu sína fyrir dómi. Að lokinni skýrslugjöf vitna og munnlegum málflutningi var málið dómtekið þriðja sinni. Dómur var síðan kveðinn upp í málinu 27. febrúar 2007.

Með dómi Hæstaréttar 8. nóvember sl. var dómur héraðsdóms „... ómerktur og ... málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar á ný.“ Í forsendum réttarins sagði meðal annars svo:

Það er meginregla sem víða kemur fram í lögum nr. 19/1991 að meðferð opinbers máls skuli vera milliliðalaus en í því felst einkum að sönnunarfærsla í máli skuli fara fram fyrir þeim dómara sem leysir úr því með dómi. Kemur reglan meðal annars fram í 1. mgr. 48. gr. laganna. Samkvæmt 46. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti. Er þar meðal annars tekið fram að hann skuli meta hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi. Löggin gera í 127. gr. ráð fyrir að ákærði mæti við þingfestingu máls og að dómari leggi fyrir lögreglu að færa ákærða fyrir dóm ef hann mætir þá ekki. Því aðeins er heimilt að dæma mál að ákærða fjarstöddum að uppfyllt séu skilyrði 120. gr., sbr. 126 gr. laganna. Um það er ekki að ræða í þessu máli. Í þessu felst að ekki sé í öðrum tilvikum heimilt að fella dóm á mál án þess að ákærði hafi komið fyrir þann dómara sem dæmir í málinu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar á ný.

Í ljósi tilvitnaðra forsendna Hæstaréttar, sem og áðurrakinna forsendna réttarins í dómi hans frá 24. janúar 2007, boðaði dómari til nýs þinghalds í málinu í þeim tilgangi að ákærði kæmi fyrir hann. Það gerði ákærði 11. desember sl. og var í því þinghaldi tekin frekari skýrsla af ákærða. Ekki var hins vegar talin ástæða til að endurtaka skýrslutökur af vitnum, enda komu þau öll fyrir dómarrann er aðalmeðferð málsins var fram haldið 30. janúar 2007. Að skýrslugjöf ákærða lokinni var málið munnlega flutt og því næst dómtekið fjórða sinni í héraði.

III.

Ákærði bar fyrir dómi 16. janúar 2006 að kvöld það sem um ræðir í ákæru hefði hann verið gestkomandi í afmælisveislu á [...]. Eftir veisluna, sem ákærði sagði mögulegt að hann hefði verið í fram undir kl. 03:00, hefði hann farið eitthvað út á rölt og síðan endað á heimili A, systur mágkonu sinnar, að [...]. „Ég man ekki nákvæmlega hvort hún (A) kom og opnaði hurðina eða hvernig en mér þykir það ákaflega líklegt.“ Síðar í skýrslutökunni sagði ákærði sérstaklega aðspurður um hvort hann myndi eftir því að hafa farið inn í húsið: „Ég man ekki þegar ég fer inni húsið, nei.“

Um erindi sitt inn á heimili A og barna hennar bar ákærði: „... ég veit ekki hvort ég átti nokkurt erindi þangað, ég veit það ekki, nei. En það er alveg hundrað prósent öruggt að það er ekki á nokkurn hátt í þeim tilgangi sem þær lýsa þarna. Það er svo fjarri lagi að það, ég skil ekki hvernig það getur hvarflað að nokkurri manneskju.“

Inni í húsinu kvaðst ákærði hafa rætt við mæðgurnar þrjár, A og dætur hennar, B og D. Hvar þær samræður fóru fram sagðist ákærði ekki muna nákvæmlega. Eftir efni þeirra sagðist ákærði ekki muna sérstaklega, „... bara dagleg mál.“ Aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa viðhaft dónalegt tal við einhverja mæðgnanna.

Ákærði sagði það alveg eins geta verið að hann hefði farið inn í svefnherbergi stúlknanna, en að hann minntist þess hins vegar ekki. „Ég man að ég sat hjá stelpunum og var að tala við þær og get hafa tekið utan um þær og það finnst mér ekkert óeðlilegt og þarf ekkert að vera neitt ósiðlegt við það.“ Ákærði kvaðst hafa talað við stelpurnar og allt verið í lagi. Hann hefði spurt stelpurnar að því hvert móðir þeirra hefði farið og þær svarað því til að hún hefði farið að hringja, en í hvern hefðu stelpurnar ekki vitað.

Er ákærði hefði verið að fara út hefði A birst og hún sagst hafa hringt í E, bróður ákærða og mág A, og beðið hann um að fjarlægja ákærða. Ákærði kvaðst hafa spurt A: „... til hvers varst þú að hringja í hann, ég er að fara. Var ég að gera ykkur eitthvað, var ég með einhver læti?“ og hefði hún svarað því neitandi, „... þær eru bara eitthvað smeykar stelpurnar ...“ hefði hún sagt. Kvaðst ákærði hafa orðið hálfreiður vegna hringingar A og þau í kjölfarið tekið að þrátta um fjárhúsbyggingu sem hún hefði verið með áætlanir um. Þetta hefði hins vegar ekki verið alvarlegt rifrildi. E hefði komið meðan á þessum orðahnippingum stóð, en þá hefðu allar mæðgurnar verið niðri á ganginum. Þeir bræður hefðu síðan fljótlega yfirgefið heimilið.

Fram kom hjá ákærða að hann hefði gleymt úlpunni sinni í húsi A þessa nótt og mögulega líka húfu. Hann hefði sótt þessa muni, líklega daginn eftir, og þá beðist afsökunar á ónæðinu: „Og það þurfti þess ekki því ég hafði ekkert gert.“ Kvaðst ákærði hafa haft óbreytt samskipti við A og dætur hennar frá því að þessi atvik gerðust og þar til málinu var vísað til yfirvalda. Þannig hefði hann til að mynda viku fyrir þann tíma ekið A upp í hesthús og hún þá meðal annars talað um hversu erfitt væri að taka sig upp og fara suður í skóla.

Aðspurður um hvort hann hefði verið tíður gestur á heimili A kvaðst ákærði ekki geta sagt það. Hann hefði ekki komið reglulega á heimilið. Ákærði sagðist hins vegar hafa hitt A nær daglega uppi á [...], þar sem fjárhúsa- og hesthúsabyggingarnar væru og hann hefði sitt fé. Hefði hann margoft aðstoðað þær mæðgur, t.d. mokað fyrir þær skít og gert hitt og þetta annað fyrir þær.

Um ástand sitt þessa nótt bar ákærði að hann hefði verið búinn að neyta áfengis og verið orðinn „... allt of fullur ...“, hann hefði verið óvenju mikið drukkin.

Svo sem áður er rakið mætti ákærði ekki fyrir dóm er aðalmeðferð málsins var fram haldið 30. janúar 2007. Ákærði kom hins vegar fyrir dóminn að nýju er aðalmeðferð þess var enn fram haldið 11. desember sl. Skýrði ákærði þá svo frá að hann hefði umrædda nótt komið á heimili A, systur mágkonu sinnar, og barna hennar. Þar hefði hann dvalist í einhvern tíma og rætt við A og dætur hennar, B og D, einhvers staðar inni í húsinu. Spurður um umræðuefnið svaraði ákærði því til að það myndi hann ekki nákvæmlega, en fullyrti þó að það hefði ekki verið neitt kynferðislegt. Kom fram hjá ákærða að hann hefði nokkrum sinnum áður komið inn á heimili A, þó ekki oft.

Ákærði sagði aðspurður mjög líklegt að hann hefði tekið utan um aðra stúlkuna, eða þær báðar, þar sem hann væri mjög barngóður maður. Annað hefði hann hins vegar ekki gert. Fullyrti ákærði að engin vandamál hefðu komið upp milli hans og mæðgnanna og hafnaði hann alfarið þeim sökum sem á hann eru bornar í málinu.

Fram kom hjá ákærða að hann hefði ekkert sérstakt erindi átt inn á heimilið, húsið hefði einfaldlega verið opið og hann farið inn. Nánar aðspurður kvaðst ákærði þó ekki muna eftir því er hann fór inn í húsið og hann gæti því ekkert fullyrt um hvort það hefði verið opið eða læst.

Aðspurður um hvort hann kannaðist við að hafa um nóttina reynt að komast inn í herbergi, er mæðgurnar voru í, og nýtt til þess verkfæri, sem hann hefði sótt út í bílskúr, sagði ákærði um tóman uppspuna að ræða.

Ákærði kannaðist við að skömmu áður en hann yfirgaf hús A hefði komið til rifrildis þeirra á milli um fjárhúsbyggingu. Um það leyti hefði bróðir hans, E, komið á vettvang.

Um ástand sitt þessa nótt bar ákærði að hann hefði verið ölvaður, „... meira fullur en ég á vant að að vera, ef ég dett í það.“

Ákærði kvaðst hafa komið á heimili A daginn eftir þeirra erinda að sækja úlpu eða blússu sem hann hefði gleymt um nóttina. Við það tækifæri hefði hann beðið

mæðgurnar allar afsökunar á ónæðinu.

Eftir atvik umræddrar nætur sagðist ákærði oft hafa átt samskipti við A og dætur hennar, fyrst og fremst í tengslum við skepnuhald þeirra á [...], og aldrei hefði borið á neinu fyrr en rúmlega viku áður en kæra í málinu var lögð fram. Nefndi ákærði að um það leyti hefði hann keyrt A upp í hesthús og hefði þá kjaftað á henni hver tuska og hún meðal annars sagst ætla að flytja suður og breyta um lífstíl.

Að öðru leyti kvaðst ákærði vísa til fyrri framburðar síns í málinu, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi. Sá framburður stæði.

IV.

A greindi svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði hún verið heima, að [...], með tveimur dætrum sínum, B og D. Vitnið sagði húsið hafa verið ólæst þar sem tvö eldri börn vitnisins, 17 og 18 ára, hefðu enn verið úti og þeirri reglu verið fylgt á heimilinu að sá sem síðast kæmi heim læsti á eftir sér.

Um kl. 03:00 um nóttina kvaðst vitnið hafa vaknað við eitthvert brölt niðri og sagðist vitnið hafa talið að sonur sinn væri á ferðinni. Eftir nokkra stund hefði vitnið ákveðið að fara fram og athuga með strákinn og þá séð að það var ákærði sem kominn var óboðinn inn í húsið. Ákærða sagði vitnið augljóslega hafa verið drukkin og þá hefði hann verið blóðugur á gagnauga.

Vitnið sagði sér ekkert hafa brugðið svo mjög við að sjá ákærða, sem það hefði lengi þekkt, enda þau bæði fædd og uppalin á [...] og verið saman í kór í 20-30 ár. Þá væri ákærði mágur systur vitnisins. Enga sérstaka vináttu eða kunningsskap sagði vitnið hins vegar hafa verið þeirra á milli og ákærði einungis hafa komið einu sinni, mögulega tvisvar, inn í hús vitnisins, að umræddu skipti slepptu, á meðan vitnið bjó í því. Vitninu hefði því í fyrstu dottið í hug að ákærði hefði einfaldlega villst á húsi. Af viðbrögðum ákærða er hann kom auga á vitnið hefði það hins vegar skynjað að sú var ekki raunin.

Vitnið sagðist hafa innt ákærða eftir því hvert erindi hans væri, en ákærði í fyrstu engu svarað. Vitnið kvaðst hafa kvatt ákærða til að drífa sig heim og síðan farið niður af pallinum, sem svefnherbergin í húsinu séu á, og í áttina að anddyrinu. Er þangað var komið hefði vitnið ítrekað tilmæli sín um að ákærði hefði sig heim. Ákærði hefði þá gripið í vitnið og sagt: „Ég ætla að ríða þér.“ Kvaðst vitnið enn hafa ítrekað ósk sína um að ákærði drifi sig heim og leitt hann fram í anddyri. Er þangað var komið hefði ákærði hallað sér upp að útihurðinni og viðhaft sömu ummæli og áður. Við það kvaðst vitnið hafa orðið svolítið hrætt. Vitnið hefði því farið til dóttur sinnar B og fengið hjá henni GSM-síma, en heimilissíminn hefði verið lokaður. Vitnið hefði fyrst hringt í bróður sinn en heyrst hann vera ölvaður og því talið óráðlegt að fá hann á vettvang. Næst hefði vitnið hringt í samstarfskonu sína, F, í þeim tilgangi að fá mann hennar, G, til að koma og aðstoða vitnið við að koma ákærða út. Sú hefði hins vegar tjáð ákærðu að eiginmaður hennar hefði verið í samkvæmi með ákærða fyrr um kvöldið þar sem þeim hefði lent saman og því tilgangslaust að ræða við hann.

Á meðan á símtalinu stóð sagðist vitnið hafa heyrt orðaskipti í herberginu við hliðina. Það hefði því farið inn til dóttur sinnar, B, og þá komið að ákærða sem lá

„... með lappirnar svona svolítið út úr rúminu en lá svona eiginlega yfir hana og var með andlitið alveg við vangann á henni og var svona eitthvað að káfa á henni.“ Hefði ákærði verið með hendurnar eitthvað fram með efri hluta líkama stúlkunnar en nákvæmlega hvar ákærði hafði hendurnar kvaðst vitnið ekki hafa séð. Við þessa sjón sagði vitnið hafa fokið í sig og sér með einhverju móti tekist að koma ákærða út úr herberginu og hefði B lokað á eftir þeim. Eftir þetta sagðist vitnið hafa hlaupið inn í litla herbergið í miðjunni, svokallaða skrifstofu, farið þar á bak við hurðina og hringt í mág sinn og bróður ákærða, E, og beðið hann um að koma.

Er þarna var komið sögu kvaðst vitnið hafa heyrt í dóttur sinni D, sem er atvik máls gerðust hefði sofið hjá móður sinni. Þegar vitnið hefði komið inn í herbergið hefði ákærði setið á rúmstokknum hjá stúlkunni, haldið um mjaðmir hennar og verið að toga hana úr buxunum. Stúlkun hefði togað á móti og beðið ákærða um að hætta. Vitnið sagði sér hafa tekist að koma ákærða út og hefði það síðan læst þær D inni í herberginu. Ákærði hefði barið á hurðina og sagt þeim að opna sem þær hefðu ekki gert.

Vitnið sagðist í framhaldinu hafa heyrt fótatak ákærða fjarlægjast og síðan heyrt að hann var kominn inn í bílskúr. Ákærði hefði síðar komið til baka og vitnið þá heyrt að hann hafði verkfæri meðferðis sem hann hefði reynt að opna með hurðina. Síðar um nóttina, þegar ákærði var farinn, sagðist vitnið hafa séð skrufjárn og töng við hurðina.

Að lokum sagði vitnið ákærða hafa gefist upp á tilraunum sínum til að opna dyrnar og hann aftur farið eitthvað frá. Taldi vitnið að þá hefði B komið yfir í herbergið til þeirra D. Ákærði hefði síðan komið aftur að hurðinni og gert enn frekari tilraunir til að opna hana.

Vitnið sagði sér vera minnisstætt að er þær voru inni í herberginu hefðu systurnar haft orð á því að E hefði fyrst farið fram hjá húsinu, en síðan komið til baka. Kvaðst vitnið hafa gefið honum tíma til að komast inn í húsið en síðan farið fram til hans og ákærða. Eftir nokkur orðaskipti hefði E tekist að tala ákærða til og koma honum út úr húsinu.

Þremur dögum síðar sagði vitnið ákærða hafa komið til að ná í gleraugu og jakka sem hann hafði skilið eftir. Við það tækifæri hefði hann beðið vitnið afsökunar á framkomu sinni umrædda nótt. Sagði vitnið ákærða ekki hafa skýrt það neitt nánar á hverju hann væri að biðjast afsökunar. Vitnið hefði þá tjáð ákærða að hann þyrfti einnig að biðja stúlkunnar afsökunar, en það vissi vitnið ekki til að hann hefði gert.

Vitnið sagði atburði næturinnar hafa haft mikil áhrif á dætur sínar. D kvað hún ávallt ganga á allar hurðir áður en hún fari að sofa þegar þær mæðgur séu í heimsókn á [...]. Þá hefði stúlkun eftir umrædda atburði, á meðan þær bjuggu enn á [...], aldrei viljað vera ein heima í húsinu, jafnvel þó svo að vitnið hefði einungis ætlað í næsta hús. Þremur árum síðar eða sumarið 2005, þegar þær mæðgur hefðu komið vestur til að tæma húsið, hefði D enn ekki með nokkru móti viljað vera ein í húsinu. Þá hefði B eftir að mál þetta var komið af stað neitað að vera uppi á [...] nema vitnið væri þar líka vegna þess að hún vildi ekki eiga það á hættu að hitta ákærða sem hún hefði óttast að myndi gera sér eitthvað meira og vera svo reiður við sig.

Umrædda atburði sagði vitnið jafnframt hafa haft áhrif á fjölskylduna í heild. Vitnið hefði vegna þeirra ekki lengur getað sótt staði sem tengst hefðu atvinnu þess, er dætur hennar hefðu allar að nokkru tekið þátt í, sem og tómstundum. Þegar svo hafi verið komið hefði lítið staðið eftir. Nú sé staðan sú að stúlkurnar vilji ekki búa á [...] sem vitnið kvaðst alfarið tengja ákærða.

Um hvernig það kom til að mál þetta kom til kasta barnaverndaryfirvalda bar vitnið að málið hefði komið upp í viðtölum stúlkanna við sálfræðing sem til hefðu verið komin í tengslum við önnur atvik.

B kvaðst hafa vaknað umrædda nótt við að móðir hennar kom inn í herbergið hennar til að fá lánaðan hjá henni síma. Vitnið sagði móður sína því næst hafa farið út úr herberginu aftur.

Eftir að móðir vitnisins var farin sagði vitnið ákærða hafa komið inn í herbergið. Ákærði, sem verið hefði „... mjög vel fullur ...“ og blóðugur í framan og á höndum, hefði sest á rúmstokkinn hjá vitninu og innt það eftir móður þess. Vitnið sagðist hafa svarað því til að það vissi ekki hvar móðir sín væri. Aðspurt kvaðst vitnið hafa verið hrætt við ákærða.

Vitnið sagði ákærða hafa byrjað að þreifa á sér og hann síðan spurt aftur um móður þess. Vitnið sagðist þá hafa brugðið á það ráð að segja ákærða að hún væri niðri í eldhúsi, í þeim tilgangi að ákærði færi út úr herberginu. Ákærði hefði ekki tekið það svar gilt og sagt móður vitnisins ekki vera þar. Hann hefði haldið áfram að þreifa á vitninu, meðal annars brjóstum þess, og gert tilraun til þess að komast undir bol sem vitnið hefði verið í. Vitnið sagðist hafa stoppað ákærða af og hann þá spurt hvort hann mætti þetta ekki og vitnið svarað neitandi. Ákærði hefði samt sem áður haldið áfram og einnig reynt að kyssa vitnið. Nánar lýsti vitnið því atviki svo að ákærði hefði hallað sér fram og spurt vitnið hvort hann mætti kyssa það, en vitnið svarað neitandi og ýtt honum frá. Ákærði hefði síðan farið út úr herberginu og vitnið þá hlaupið til og læst. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við að neinn annar hefði komið inn í herbergið á meðan ákærði var þar.

Vitnið sagði ákærða síðar hafa komið aftur og reynt að komast inn í herbergið að nýju. Bar vitnið að það hefði heyrt ákærða reyna að opna dyrnar að herberginu með einhverju „dóti“ en án árangurs. Vitnið hefði síðan ekki heyrt í ákærða um stund en hann svo komið aftur og gert frekari tilraunir til að opna hurðina, enn þá án árangurs.

Þegar vitnið hefði heyrt að ákærði var kominn niður í eldhús kvaðst það hafa opnað dyrnar og hlaupið inn í herbergi til móður sinnar og systur. Þaðan hefði móðir vitnisins hringt í E, úr fyrrnefndum síma vitnisins, sem síðan hefði komið á vettvang. Tók vitnið fram að E hefði tvisvar eða þrisvar ekið fram hjá húsinu áður en hann stöðvaði bílinn við það. Þá kom fram hjá vitninu að ákærði hefði, eftir að vitnið var komið inn í herbergið til móður sinnar og systur, gert árangurslausar tilraunir til að opna hurðina að herberginu.

Er E var kominn kvað vitnið móður sína hafa farið út úr herberginu. Sagði vitnið í kjölfarið hafa komið til orðaskipta milli móður sinnar, ákærða og E, en þeim síðastnefnda síðan tekist að koma ákærða út úr húsinu.

Eftir atburði næturinnar sagðist vitnið hafa forðast ákærða. Þannig hefði vitnið gætt þess að fara upp í hesthús á þeim tíma sem það vissi að ákærði var ekki á svæðinu. Vitnið kvaðst hafa borið kvíðboga fyrir því að hitta ákærða og þá hefði það aldrei þorað að vera eitt eftir þessi atvik. Enn þann dag í dag sagði vitnið sér ekki vera vel við að fara vestur, þar sem það vissi af ákærða.

Um samskiptin við ákærða áður en umræddir atburðir gerðust bar vitnið að þau hefðu fyrst og fremst verið vegna nálægðar hesthúsanna við fjárhús ákærða uppi á [...]. Sagðist vitnið til að mynda ekki minnst þess að ákærði hefði nokkru sinni komið í heimsókn á heimili þess.

D skýrði svo frá, þegar skýrsla var tekin af henni fyrir dómi í Barnahúsi, að hún hefði þá nótt er um ræðir vaknað við að „... blindfullur og vitlaus maður ...“, bróðir E (*ákærði*), var að toga niður um hana buxurnar. Sagði vitnið neftóbaks- og brennivínslykt hafa verið af ákærða.

Spurt um klæðnað sinn kvaðst vitnið hafa verið í rauðum buxum, hvítum bol með rauðum ermum og nærbuxum. Sagði vitnið ákærða hafa togað í rauðu buxurnar við hnén. Um hversu langt niður ákærði hefði togað buxurnar bar vitnið að þær hefðu farið niður á mjaðmir.

Vitnið sagði ákærða ítrekað hafa spurt hvar móðir þess væri og vitnið svarað að hún væri örugglega uppi í hesthúsum ásamt B. Við svar vitnisins hefði ákærði hætt að toga í buxurnar. Ákærði hefði síðan farið til B, vitnið farið í humátt á eftir honum en þá mætt móður sinni, sem síðan hefði farið á bak við fatahengið í herberginu.

Vitnið sagðist í framhaldinu hafa, að beiðni móður sinnar, farið inn í herbergi til B og beiðið um að fá að skoða GSM-símamann hennar. Ákærði hefði þá setið í rúminu hjá B. B hefði lánað vitninu símann og það labbað með hann til móður sinnar sem hefði hringt í bróður ákærða, E, og beiðið hann um að koma.

Ákærði hefði síðan komið inn í herbergi til vitnisins. Vitnið sagði hann hafa verið rauðan í framan og með sár á vinstra gagnauga. Kvaðst vitnið hafa verið skíthrætt við ákærða. Ákærði hefði sagt vitninu að fara aftur að sofa, hann myndi bíða eftir móður þess, og síðan hefði hann yfirgefið herbergið á ný.

Er hér var komið sögu sagði vitnið systur sína hafa verið búna að læsa hurðinni hjá sér. Í framhaldinu hefðu vitnið og móðir þess einnig læst sig inni í herbergi. Ákærði hefði síðan líklega farið inn í bílskúr og náð í skrúfjárn eða eitthvað beitt til að opna hurðina, en á meðan hefði B komið yfir til móður sinnar og vitnisins. Eftir að ákærði kom til baka úr bílskúrnum hefði hann hamast á hurðinni með áhaldinu. Vitnið sagðist hafa grátið á meðan en móðir þess sagt við það „þetta bjargast, þetta bjargast“.

Vitnið kvaðst hafa gengið að herbergisglugganum og þá séð E aka hjá og vitnið því spurt móður sína hvort hann ætlaði ekki að koma. E hefði síðar komið inn í húsið og farið að ræða við ákærða og hefði móðir vitnisins þá farið niður til þeirra.

Eftir umrætt atvik kvaðst vitnið hafa átt erfitt með að sofna. Það væri hrætt og ætti erfitt með að sofa eitt og gæti það alls ekki heima hjá sér. Kvaðst vitnið óttast að ákærði gerði sér mein þar sem hann hefði orðið reiður er hann var kærður.

E, bróðir ákærða, kvaðst hafa fengið símhringingu um nóttina frá A er óskað hefði eftir því að hann kæmi og aðstoðaði hana við að koma ákærða, sem komið hefði ofurölvi inni í ólæst hús hennar, út úr húsinu. Fram hefði komið hjá A að börn hennar væru hrædd við ákærða.

Vitnið sagðist hafa haldið af stað og fyrst ekið fram hjá húsi A en síðan strax snúið við, ekið að húsinu og stöðvað bifreiðina. Vitnið hefði því næst farið inn í húsið. Þegar inn var komið hefðu ákærði og A verið að rífast á ganginum. Aðspurt um deiluefnið svaraði vitnið því til að það minnti að þau hefðu verið að rífast um einhverja húsbyggingu.

Vitnið sagði það hafa tekið sig nokkra stund, mögulega 15-20 mínútur, að koma ákærða út úr húsinu. Vitnið hefði síðan ekið um með ákærða nokkra hríð, mögulega í 1-2 klukkustundir, áður en það fór með hann heim. Sagðist vitnið hafa beint því til ákærða að þegar af honum rynni skyldi hann fara og biðjast afsökunar á heimsókninni, þ.e. að hafa farið óboðinn inn í húsið að næturlagi. Hefði ákærði tekið jákvætt í það.

Um ástand ákærða bar vitnið að hann hefði verið ölvaður. Sagðist vitnið reyndar aldrei, hvorki fyrr né síðar, hafa séð ákærða í líku ástandi. Ákærði væri dagfarsprúður maður en þarna hefði hann „flippað út“, nánast ekki vitað hvað hann hét.

F bar fyrir dómi að hún hefði um kvöldið farið í afmælisveislu ásamt manni sínum, G. Í veislunni hefði ákærði einnig verið og sagði vitnið hann, eins og flesta aðra í samkvæminu, hafa verið undir áhrifum áfengis. Hann hefði jafnframt verið æstur og ólíkur sjálfum sér.

Vitnið kvað þau G hafa verið komin heim úr afmælisveislunni eftir miðnætti, um kl. 01:00. Síðar um nóttina hefði A hringt í vitnið og beðið um að fá að tala við mann þess þar sem hún væri hjálparþurfi. Vitnið hefði innt A eftir því hvað að væri og hún svarað því til að ákærði væri staddur á heimili hennar og að hún vildi losna við hann en kæmi honum ekki út.

Vitnið sagðist hafa gefið A samband við G og hefðu þau rætt saman. Kvað vitnið G hafa tjáð A að hann treysti sér ekki til að koma henni til aðstoðar þar sem honum og ákærða hefði lent saman í afmælisveislunni fyrr um kvöldið. Hefði A skilið að í ljósi aðstæðna þýddi ekki að G kæmi á vettvang.

Nokkrum dögum síðar kvaðst vitnið hafa hitt A og innt hana eftir því hvernig hún hefði losnað við ákærða út af heimilinu. Í því samtali hefði A lýst atvikum um nóttina svo að hún hefði vaknað við að ákærði kom inn í húsið. Til orðaskipta hefði komið milli A og ákærða sem meðal annars hefði lýst því yfir að hann vildi hafa við hana mök. Ákærði hefði síðan farið og leitað á dætur hennar þar sem þær hefðu legið í rúmum sínum.

H greindi svo frá fyrir dómi að leitað hefði verið til sín af sóknarprestinum á [...] og hún beðin um að aðstoða A og dætur hennar tvær með sálgæslu. Vitnið hefði þá verið starfandi sóknarprestur auk þess að vera fyrrverandi starfsmaður Stígamóta og Kvennaathvarfs. Vitnið kvaðst hafa rætt við þær mæðgur um páskana 2003. Fyrst hefði hún rætt við mæðgurnar allar í einu, en síðan hverja fyrir sig.

D sagði vitnið hafa verið afar hrædda og hún grátið mikið. Stúlkan hefði munað atburði næturinnar mjög vel og lýst þeim í smáatriðum. Stúlkan hefði óttast mjög að ákærði kæmi aftur inn á heimili hennar, hún hefði fundið fyrir miklu öryggisleysi og verið hrædd við að vera ein.

B hvað vitnið hafa verið mjög reiða vegna umræddra atvika og hún tárast og síðan grátið í samtalinu við vitnið. Líkt og systir hennar hefði B upplifað mikið öryggisleysi heima hjá sér. Hún hefði verið hrædd og sú hræðsla brotist út í mikilli reiði.

Fram kom hjá vitninu að systurnar hefðu óttast ákærða eftir þessa atburði. „Þetta var einstaklingur sem þær höfðu ekki séð sem ógn, sem varð að ógn.“

V.

Að beiðni ríkissaksóknara, dagsettri 29. mars 2005, ritaði Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotufræðingur, greinargerð vegna viðtals sem hún átti við B 5. nóvember 2004. Greinargerð Ólafar Ástu er dagsett 14. apríl 2005, en í henni segir svo:

[---]

Að beiðni ríkissaksóknara ritaði Ólöf Ásta Farestveit einnig greinargerð vegna viðtalsmeðferðar Dr. Sú skýrsla Ólafar Ástu er dagsett 25. apríl 2005. Í upphafi greinargerðarinnar kemur fram að stúlkan hafi mætt í fimm viðtöl á tímabilinu 3. september 2004 til 11. mars 2005. Í greinargerðinni segir svo:

[---]

Ólöf Ásta Farestveit kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti og skýrði framanraktar skýrslur sínar. Vitnið sagðist hafa átt fimm viðtöl við D. Þær

afleiðingar sem fram hefðu komið hjá stúlkunni í viðtölunum hefðu verið óöryggi og að hún hefði verið hrædd á eigin heimili. Stúlkunni hefði liðið mjög illa og hún ekki þorað að sofa ein í rúmi heldur sofið uppí hjá móður sinni. Henni hefði hins vegar liðið mun betur eftir að þær mæðgur fluttu til [...] og hefði stúlkan tjáð vitninu sérstaklega að þeirri íbúð væri hægt að læsa. Þá hefði í [...] ekki verið neitt sem sérstaklega minnti hana á atburði næturinnar.

Vanlíðan sína sagði vitnið stúlkuna einnig hafa skýrt með tveimur öðrum atburðum svo sem vikið sé að í greinargerðinni. Hefði stúlkan ruglað þessu þrennu svoltið saman en hún þó tengt óöryggið á heimilinu beint við komu ákærða þangað umrædda nótt. Vitnið sagði það að ákærði hefði eitthvað togað í buxur D ekki hafa setið í henni heldur óöryggið sem hún hefði upplifað á heimilinu eftir atburði næturinnar.

Hvað B varðar kom fram hjá vitninu að það hefði einungis rætt einu sinni við stúlkuna. Vitnið sagði það viðtal hafa verið langt og í því komið fram að stúlkan var hrædd, en líka mjög reið yfir því hversu mál þetta hefði dregist á langinn.

Fram kom hjá vitninu að B hefði verið hrædd við að vera á heimili sínu á [...]. Hún hefði verið óörugg og læst að sér. Þetta hefði stúlkan tengt beint við komu ákærða inn á heimilið um nóttina. Þá hefði stúlkunni fundist ákveðin niðurlæging hafa falist í athæfi ákærða inni í herbergi hennar og henni þótt mjög erfitt að þurfa að mæta ákærða, sem og konu hans, á fönnum vegi. Þannig hefði hún til að mynda verið hrædd við að fara út í hesthús þar sem hún hefði mátt eiga von á að rekast á ákærða. Hefði þetta áreiti verið búið að þjaka stúlkuna í um tvö ár er viðtalið fór fram.

VI.

A.

Eins og rakið er í kafla IV bar A fyrir dómi að hún hefði umrædda nótt í júlí 2002 verið heima ásamt tveimur dætrum sínum, B og D. Hús sitt að [...] sagði hún hafa verið ólæst þar sem tvö eldri börn hennar hefðu enn verið úti. Um kl. 03:00 um nóttina kvaðst A hafa vaknað við eitthvert brölt niðri og fyrst talið að sonur sinn væri þar á ferðinni. Eftir nokkra stund hefði hún ákveðið að fara fram og athuga með strákinn og þá séð að það var ákærði sem kominn var óboðinn inn í húsið.

Ekki nýtur framburðar annarra í málinu um hvernig það atvikaðist að ákærði fór inn í húsið að [...] umrædda nótt. Þannig má af framburði dætra A, B og D, ráða að þær hafi verið sofandi er ákærði kom inn í húsið. Þá bar ákærði sjálfur fyrir dómi að hann myndi ekki þau atvik, en hann gat sér hins vegar þess til að A hefði hleypt sér inn. Svo sem áður er rakið samrýmist sú ágiskun hans ekki framburði A.

Samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi var hann óvenju mikið drukkinn þessa nótt og kvaðst hann hafa verið „... allt of fullur ...“, „... meira fullur en ég á vant að að vera, ef ég dett í það“. Samrýmist þessi lýsing ákærða á ástandi sínu framburði A og dætra hennar, sem allar báru um ölvun ákærða, og þá kom fram hjá bróður ákærða, E, að ákærði hefði verið ölvaður og hann aldrei, hvorki fyrr né síðar, séð bróður sinn í viðlíka ástandi. Verður að virða framburð ákærða í málinu í ljósi þessa ástands hans.

Ákærði gat hvorki fyrir dómi né fyrir lögreglu upplýst hvaða erindi hann átti á heimili A og barna hennar umrædda nótt. Fram kom hjá A að engin sérstök vinátta eða kunningsskapur hefði verið með henni og ákærða gegnum tíðina og ákærði einungis komið einu sinni, mögulega tvisvar, inn í hús hennar, að umræddu skipti slepptu, á meðan hún bjó í því. Framburður B var um þetta mjög á sömu lund en hún sagðist fyrir dómi ekki minnst þess að ákærði hefði nokkru sinni komið inn á heimili hennar. Þá bar ákærði sjálfur um þetta atriði að hann hefði ekki verið tíður gestur á heimilinu.

Svo sem áður er rakið bar A fyrir dómi að ákærði hefði umrædda nótt komið óboðinn inn í hús hennar að [...]. Hefur ekkert komið fram um það í málinu að ákærði hafi átt nokkurt lögmætt erindi inn í einkahýbýli A og barna hennar. Þá hefur heldur ekkert komið um að ákærði hafi sérstaklega gert vart við sig eftir að hann kom inn í húsið. Með för sinni inn á heimilið, án heimildar, þykir ákærði því hafa brotið gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Í málinu er ákærða einnig gefið að sök að hafa þessa sömu nótt brotið gegn blygðunarsemi B, fæddri 1987, með því að setjast á rúm stúlkunnar og káfa á brjóstum hennar utan klæða og reyna að kyssa hana. B lýsti atvikum þessum svo, er aðalmeðferð málsins var fram haldið fyrir dómi 30. janúar 2007, að um nóttina hefði hún vaknað við að móðir hennar kom inn í herbergi hennar til að fá lánaðan síma. Móðir hennar hefði síðan farið út úr herberginu og ákærði þá komið inn. Hann hefði sest á rúmstokkinn hjá B og innt stúlkuna eftir því hvar móðir hennar væri og hún svarað því til að það vissi hún ekki. Ákærði hefði þá tekið að þreifa á stúlkunni en síðan aftur spurt um móður hennar. B sagðist þá hafa brugðið á það ráð að segja ákærða að hún væri niðri í eldhúsi, í þeim tilgangi að losna við ákærða út úr herberginu. Ákærði hefði haldið áfram að þreifa á stúlkunni, meðal annars brjóstum hennar, og jafnframt gert tilraun til þess að komast undir bol sem hún var klædd í. Stúlkann sagðist hafa stoppað ákærða af en hann síðan haldið áfram og jafnframt reynt að kyssa hana. Þeirri tilraun ákærða lýsti stúlkann nánar svo að ákærði hefði hallað sér fram og spurt hana hvort hann mætti kyssa hana, en hún svarað neitandi og ýtt ákærða frá. Þegar B gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 23. ágúst 2004, og einnig við upphaf aðalmeðferðar 16. janúar 2006, lýsti hún umræddum atvikum mjög á sömu lund.

A bar um atvik þessi fyrir dómi 30. janúar sl. að hún hefði heyrt orðaskipti úr herbergi B, hún farið þangað inn og komið að ákærða sem legið hefði „... með lappirnar svona svolítið út úr rúminu en lá svona eiginlega yfir hana (B) og var með andlitið alveg við vangann á henni og var svona eitthvað að káfa á henni.“ Hefði ákærði verið með hendurnar eitthvað fram með efri hluta líkama stúlkunnar.

Ákærði hefur neitað umræddum sakargiftum. Fyrir dómi 16. janúar 2006 sagði hann það alveg eins geta verið að hann hafi farið inn í svefnherbergi stúlkunnar, en að hann minnst þess hins vegar ekki. „Ég man að ég sat hjá stelpunum og var að tala við þær og get hafa tekið utan um þær og það finnst mér ekkert óeðlilegt og þarf ekkert að vera neitt ósiðlegt við það.“ Ákærði kvaðst hafa talað við stelpurnar og allt verið í lagi. Var frásögn ákærða fyrir dómi 11. desember sl. mjög á sömu lund. Sagði ákærði mjög líklegt að hann hefði tekið utan um aðra stúlkuna, eða þær

báðar, þar sem hann væri mjög barngóður maður. Annað hefði hann hins vegar ekki gert. Fullyrti ákærði að engin vandamál hefðu komið upp milli hans og mæðgnanna.

Af ofangreindu er ljóst að framburður ákærða fyrir dómi um samskipti hans við stúlkuna B umrædda nótt var um margt óljós og sundurlaus. Framburðir B og móður hennar hafa hins vegar verið stöðugir undir meðferð málsins og eru þeir mjög á sömu lund hvað umrætt sakarefni varðar. Við mat á framburðum mæðgnanna verður til þess að líta að um tvö ár liðu frá því að atvik máls gerðust og þar til tekin var skýrsla af stúlkunni fyrir dómi í Barnahúsi og skýrsla af móður hennar hjá lögreglu. Jafnframt verður að hafa í huga, sbr. meðal annars framlagða greinargerð Ólafar Ástu Farestveit, að stúlkunni var brugðið við komu ákærða, sem var mjög ölvaður svo sem áður er rakið, inn á heimilið um miðja nótt. Í ljósi alls þessa þykir það því ekki draga úr sönnunargildi framburða mæðgnanna hvað umræddar sakargiftir varðar þó svo þeir séu ekki að öllu leyti samhljóða um atburði næturinnar og þá sér í lagi um röð atvika um nóttina. Að lokum þykir við sönnunarmatið mega taka nokkurt mið af framburði vitnisins F þess efnis að A hafi í kjölfar umræddra atvika lýst þeim að einhverju marki fyrir F og þá meðal annars nefnt að ákærði hefði um nóttina leitað á dætur hennar þar sem þær hefðu legið í rúmum sínum. Er vætti F framburðum mæðgnanna því til nokkurs stuðnings.

Að öllu því heildstætt virtu sem að framan hefur verið rakið þykir sannað, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ákærði hafi umrædda nótt sest á rúm B og káfað á brjóstum hennar utan klæða og reynt að kyssa hana. Með þeirri háttsemi þykir ákærði hafa sýnt af sér lostugt athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá þykir sannað með vætti B og Ólafar Ástu Farestveit að með þessari háttsemi hafi ákærði sært blygðunarsemi stúlkunnar.

C.

Að endingu er ákærða gefið að sök í málinu að hafa sýnt stúlkunni D, fæddri árið 1993, ruddalegt og ósiðlegt athæfi með því að setjast á rúm hennar og reyna að toga niður um hana síðbuxur. D bar um atvik þetta, þegar skýrsla var tekin af henni fyrir dómi í Barnahúsi, að hún hefði um nóttina vaknað við að „... blindfullur og vitlaus maður ...“, ákærði í málinu, var að toga niður um hana buxurnar. Sagði stúlkan ákærða hafa togað í buxur sínar við hnén. Aðspurð um hversu langt niður ákærði hefði togað buxurnar svaraði hún því til að þær hefðu farið niður á mjaðmir.

A bar um þetta atvik að er hún hefði verið að hringja í E hefði hún heyrt í D í næsta herbergi. Hún hefði því farið inn í herbergið, sem þær mæðgur hefðu sofið saman í er atvik máls gerðust, og þá séð ákærða sitjandi á rúmstokknum hjá stúlkunni. Hefði hann haldið um mjaðmir stúlkunnar og verið að toga hana úr buxunum. Stúlkan hefði togað á móti og beðið ákærða um að hætta.

Svo sem rakið hefur verið var framburður ákærða fyrir dómi um samskipti hans við stúlkuna D umrædda nótt um margt óljós og sundurlaus. Framburðir D og móður hennar, A, voru hins vegar mjög á sömu lund hvað umrætt sakarefni varðar og hefur framburður móðurinnar verið stöðugur undir meðferð málsins. Við mat á framburðum mæðgnanna verður til þess að líta að um tvö ár liðu frá því að atvik máls gerðust og þar til tekin var skýrsla af stúlkunni fyrir dómi í Barnahúsi og

skýrsla af móður hennar hjá lögreglu. Jafnframt verður að hafa í huga að stúlkunni var augljóslega mjög brugðið við komu ákærða inn á heimilið um miðja nótt, sbr. það sem fram kemur í greinargerð Ólafar Ástu Farestveit um að stúlkán hafi eftir að atvik máls gerðust „... ávallt verið hrædd og ... þorði hún ekki að sofa ein“ þar sem hún hafi óttast að ákærði kæmi aftur inn á heimilið einhverja nóttina. Í ljósi alls þessa þykir það því ekki draga úr sönnunargildi framburða mæðgnanna hvað umræddar sakargiftir varðar þó svo þeir séu ekki að öllu leyti samhljóða um atvik þessa nótt. Þá þykir við sönnunarmatið, með sama hætti og áður, mega taka nokkurt mið af þeim framburði F, sem vitnað var til að framan, og telja verður framburðum mæðgnanna til nokkurs stuðnings.

Að öllu því heildstætt virtu sem hér hefur verið rakið þykir sannað, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ákærði hafi umrædda nótt sest á rúm D og reynt að toga niður um hana buxur. Verður eins og mál þetta liggur fyrir dómnum að telja það athæfi ákærða ruddalegt og ósiðlegt í skilningi 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

D.

Í þinghaldi 11. desember sl. var því haldið fram af skipuðum verjanda að þau brot sem ákærða eru gefin að sök í ákæru væru öll fyrnd þar sem rannsókn málsins hefði í raun stöðvast um óákveðinn tíma í skilningi 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eftir dómtöku þess 16. janúar 2006 og þar til málið var endurupptekið tæpu ári síðar, eða þann 10. janúar 2007.

Hvað varðar brot ákærða gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er að mati dómara ljóst að brot ákærða á nefndum ákvæðum fyrnast á fimm árum, sbr. refsihámark ákvæðanna og 2. tölulið 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga. Þegar málið var endurupptekið af dómranum 10. janúar 2007 og aðalmeðferð þess síðan fram haldið 30. sama mánaðar voru ekki liðin full fimm ár frá því að atvik máls gerðust. Þegar af þeirri ástæðu, og þar sem ekki verður með nokkru móti talið að eftir 10. janúar 2007 hafi rekstur málsins verið í því fari að jafnað verði til þess að rannsókn hafi stöðvast um óákveðinn tíma í skilningi 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, verður ekki á það fallist með ákærða að nefnd brot hans séu fyrnd.

Brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 getur að hámarki varðað eins árs fangelsi. Fyrningarfrestur slíkra brota er því tvö ár, sbr. ákvæði 1. töluliðar 1. mgr. 81. gr. sömu laga.

Fyrir liggur að rétt tæplega eitt ár leið frá því að málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 16. janúar 2006 og þar til dómari sá er málið dæmir tók það upp að nýju 10. janúar 2007 og ákvað að aðalmeðferð þess yrði fram haldið 30. sama mánaðar. Þann dag voru frekari skýrslur teknar í málinu og það flutt munnlega. Að málflutningi loknum var málið dómtekið og dómur kveðinn upp 27. febrúar 2007.

Þó svo taka megí undir það með ákærða að lýstur dráttur á meðferð málsins hafi verið mikill og alvarlegur þykir hann hins vegar ekki hafa verið slíkur að honum verði til þess jafnað að rannsókn málsins hafi stöðvast um óákveðinn tíma í skilningi 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Húsbrott ákærða telst

því vera ófyrnt.

Í ákæru er brot ákærða gegn barnaverndarlögum nr. 80/2002 sagt varða við 3. mgr. laganna. Við endurupptöku málsins 22. júlí 2006 var eftir sækjanda bókað að augljós tilvísun í ákvæði 99. gr. barnaverndarlaga hefði fallið niður við ritun ákæru. Sagði sækjandi það álit sitt að mistök þessi kæmu ekki að sök, enda vörnum ákærða ekki verið áfátt þess vegna. Þegar aðalmeðferð málsins var fram haldið 30. janúar og 11. desember 2007 ítrekaði sækjandi að vísun til 99. gr. nefndra laga hefði fallið niður við ritun ákæru. Að þessu virtu og með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir rétt að dæma áfall á hendur ákærða þrátt fyrir að umrædd tilvísun hafi fallið niður við ritun ákæru, enda um augljósa ritvillu að ræða og ljóst að vörnum ákærða hefur ekki verið áfátt þess vegna.

Samkvæmt öllu því sem hér hefur verið rakið verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem hann er talinn hafa orðið sannur að í málinu, sbr. niðurstöður dómsins í köflum A-C hér að framan. Varða brot ákærða við 231. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, svo sem rakið er í nefndum köflum.

VII.

A.

Brotapolar gera í málinu bótakröfur á hendur ákærða. Við munnlegan málflutning 11. desember sl. var því haldið fram af hálfu ákærða að þar sem skipaður réttargæslumaður hefði ekki mætt til þinghaldsins ætti, þegar af þeirri ástæðu, að vísa bótakröfunum frá dómi. Fjarvera réttargæslumannsins jafngilti útivist stefnanda í einkamáli.

Kröfur brotapola, sem settar voru fram bréflaga 14. desember 2004, eru teknar upp í ákæru málsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 116. gr. og 1. málslíðar 171. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Samkvæmt 2. mgr. 172. gr. sömu laga dæmir dómari um bótakröfu og ákveður bætur eftir almennum reglum ef ákærða er dæmt áfall í máli. Þó er kveðið á um það í 5. mgr. 172. gr. að telji dómari þörf á málflutningi um kröfuna, henni til skýringar, en ekki sé unnt að láta hann fara fram, skuli hann vísa henni frá dómi. Það er hins vegar mat dómara að slíkur málflutningur sé með öllu óþarfur eins og á stendur í þessu máli.

Í VII. kafla laga nr. 19/1991 er að finna ákvæði um réttargæslumann brotapola í opinberu máli. Í 1. mgr. 44. gr. f. laganna segir að hlutverk réttargæslumanns brotapola sé að gæta hagsmuna brotapola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur skv. XX. kafla laganna. Í ákvæðum 1. mgr. 44. gr. g. og h. er síðan að finna frekari ákvæði um hlutverk réttargæslumanns.

Í tilvitnuðum VII. kafla laga nr. 19/1991 er ekki að finna neitt það sem stutt getur frá vísun bótakrafna brotapola á þeim grunni sem á er byggt af hálfu ákærða. Þá er í XX. kafla laganna, sem hefur að geyma ákvæði um einkaréttarkröfur, heldur ekki neitt að finna sem skotið getur stöðum undir frá vísunarkröfu ákærða. Samkvæmt þessu og öðru framangreindu, og þar sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn báðum brotapolunum, þykja engin efni til að vísa bótakröfum þeirra frá dómi.

B.

A gerir í málinu, fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, D, kröfu um miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr hendi ákærða að fjárhæð 600.000 krónur, auk vaxta skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júlí 2002 til 17. mars 2005, en dráttarvaxta skv. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu D er til þess vísað að af brotum ákærða hafi hlotist miskatjón sem hann beri ábyrgð á samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttar og skaðabotalögum. Bætur fyrir miskatjón skv. 26. gr. laga nr. 50/1993 ákvarðist eftir því sem sanngjarnt þyki. Við mat á fjárhæð miskabóta beri að líta til þess hversu alvarleg brotin hafi verið, sakarstígs, huglægrar upplifunar brotþola og umfangs tjónsins.

Til stuðnings kröfum brotþola er vísað til almennu skaðabótareglunnar, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og dómvenju um miskabætur. Um lagagrundvöll vaxtakröfu er vísað til 4. gr., 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Brotþoli á rétt til miskabóta úr hendi ákærða vegna þeirrar ólögmætu meingerðar sem í brotum hans fólst, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Að brotum ákærða virtum og með nokkurri hliðsjón af áðurrakinni greinargerð Ólafar Ástu Farestveit þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákvarðaðar 200.000 krónur.

Í 171. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir að bótakröfu skuli tilgreina ótvírætt í ákæru, sbr. 2. mgr. 116. gr. laganna. Í ákæru kemur fram að af hálfu hvors brotþola um sig sé krafist „... miskabóta að fjárhæð kr. 600.000 auk vaxta og dráttarvaxta frá 14. júlí 2002 til greiðsludags.“ Í ákæru er því í engu getið um upphafsdag dráttarvaxta, svo sem hins vegar er gert í skriflegum kröfum brotþola sem eru hluti gagna málsins. Þar sem í ákæru er gerð krafa um vexti og dráttarvexti, þó svo með ófullkomnum hætti sé, þykir að þessu virtu mega fallast á kröfu brotþola um dráttarvexti frá og með 17. mars 2005 að telja, en þann dag var liðinn mánuður frá því að lögregla kynnti ákærða bótakröfuna.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða brotþola 200.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júlí 2002 til 17. mars 2005, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags.

C.

B gerir í málinu kröfu um miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr hendi ákærða að fjárhæð 600.000 krónur, auk vaxta skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júlí 2002 til 17. mars 2005, en dráttarvaxta skv. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Brotþoli vísar til þess að af brotum ákærða hafi hlotist miskatjón sem hann beri ábyrgð á samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttar og skaðabotalögum. Bætur fyrir

miskatjón skv. 26. gr. laga nr. 50/1993 ákvarðist eftir því sem sanngjarnt þyki. Við mat á fjárhæð miskabóta beri að líta til þess hversu alvarlegt brotin hafi verið, sakarstigs, huglægrar upplifunar brotþola og umfangs tjónsins.

Til stuðnings kröfum sínum vísar brotþoli til almennu skaðabótareglunnar, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og dómvenju um miskabætur. Um lagagrundvöll vaxtakröfu er vísað til 4. gr., 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Brotþoli á rétt til miskabóta úr hendi ákærða vegna þeirrar ólögætu meingerðar sem í brotum hans fólst, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Að brotum ákærða virtum og með nokkurri hliðsjón af áðurrakinni greinargerð Ólafar Ástu Farestveit þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákvarðaðar 200.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu og þess sem áður segir um dráttarvexti verður ákærði dæmdur til að greiða brotþola 200.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 frá 14. júlí 2002 til 17. mars 2005, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laganna, frá þeim degi til greiðsludags.

VIII.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður verið gerð refsing. Að brotum ákærða virtum þykir refsing hans hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi.

Fyrir liggur, sbr. það sem rakið er að framan í II. kafla, að meðferð málsins fyrir dómi hefur dregist mikið. Ákærða verður ekki að neinu leyti kennt um þann drátt. Samkvæmt því og með heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða og skal hún falla niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í dómsorði dóms Hæstaréttar Íslands, í máli réttarins nr. 206/2007, sagði eftirfarandi um sakarkostnað í málinu: „Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, X, á báðum dómstigum, Kristins Bjarnasonar hæstaréttarlögmans, samtals 1.011.438 krónur, og þóknun til skipaðs réttargæslumanns bótakrefjenda í héraði, 325.941 króna.“ Við þessari niðurstöðu verður eðli málsins samkvæmt ekki hróflað hér. Þar sem ákærða verður augljóslega ekki um það kennt að dómur héraðsdóms var ómerktur og málinu vísað heim í hérað að nýju verður allur sá kostnaður sakarinnar er til féll eftir nefndan dóm Hæstaréttar, felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða eftir heimvísun málsins, sem hæfilega þykja ákveðin í samræmi við tímaskráningu verjandans svo sem í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum. Hins vegar eru ekki efni til að dæma skipuðum réttargæslumanni frekari þóknun en gert var með dómi Hæstaréttar.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Dómarinn fékk málið fyrst til meðferðar 27. nóvember 2006, svo sem áður er rakið. Málið var dómtekið 11. desember sl. og hefur dómsuppkvaðning dregist nokkuð vegna starfsanna dómara.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti sex mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði B 200.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júlí 2002 til 17. mars 2005, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði D 200.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júlí 2002 til 17. mars 2005, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Allur kostnaður sakarinnar, sem til hefur fallið eftir heimvísun málsins 8. nóvember 2007, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristins Bjarnasonar hrl., 194.220 krónur.

Kristinn Halldórsson